

**Setning og hjólasýning 16. september**

Hjólasýning Reiðhjólábænda í samstarfi við Reykjavíkurborg verður opnuð í Tjarnarsal Ráðhússins 16. september kl. 16 og verður hún opin alla daga Samgönguvikuna. Hátt í 40 reiðhjól verða sýnd. Á sýningunni verður breitt úrval af öðruvísi og áhugaverðum reiðhjólum frá ýmsum tímum. Þetta er fyrsta sýningin af þessu tagi sem haldin hefur verið á Íslandi. Ljósmyndir af hjólastígum sem Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa gert verða einnig til sýnis. Aðgangur er ókeypis og við fólk er vit að koma hjólandi til að skoða sýninguna. Gestir geta lagt hjólum sínum við innganga hússins eða í bílakjallara undir húsinu. <https://www.facebook.com/events/910223407613627>

**Auðlindahringir, bíó og málþing 18. september**

**18. september:** Auðlindahringir er viðburðaröð hjá Elliðaárstöð þar sem auðlindasérfræðingar Orkuveitunnar leiða þátttakendur í hjólaleiðsögn um auðlindir og innviði höfuðborgarsvæðisins. Rafstöðvarvegur kl. 17-19. <https://www.facebook.com/events/3746306152319698>

**18. september:** Reiðhjólábændur og Bíó paradís sýna heimildamyndina Chasing The Sun, sem fjallar um ýmis áhrif sem hjólreiðar hafa á nærsamfélagið ásamt því að segja frá þátttöku fólks í viðburðinum Chase The Sun. <https://www.facebook.com/events/519159487435218>

**18. september:** Elliðaárstöð, Orka náttúrunnar og Veitur standa fyrir málþingi í hádeginu á Bistró í Elliðaárstöð þar sem umferð hjólandi og gangandi er einmitt í öndvegi. Boðið verður upp á súpu, brauð og kaffi. <https://www.facebook.com/events/997833322084036/>

**Nýr göngustígur og PubQuiz**

**19. september:** Opnun á nýjum göngu- og hjólastíg við Suðurhlíðar í samstarfi Reykjavíkurborgar, Vegagerðar og Betri samgangna.

**19. september:** Samgöngu PubQuiz á SnorraBar með Samtökum um bíllausan lífsstíl kl. 11.

**Umferðarþing**

**20. september:** Umferðarþing – saman í liði. Samgöngustofa heldur Umferðarþing kl. 9:00-15:30 í Gamla Bíói, Ingólfsstræti 2a í Reykjavík. Þema: Ólíkir vegfarendahópar. Skráning: <https://docs.google.com/forms/d/e/1FAIpQLSe8Hq7kUJ0qGIKo1NiA8JMbwMkv8cz4DnJAD9rMzoVQo2rQSG/viewform>

**Reykvíkingar og Seltyrningar hjóla saman**

**21. september:** Samhjól. Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes leiða hesta sína saman og bjóða upp á hjólaferð fjölskyldunnar. Hittumst verður við kl. 11 við nýjan útsýnispall við JL húsið. Hjólað verður Gróttuhringinn eða 6 km og þátttakendum boðið í sund, kaffi, djús og kleinur í lok ferðar. <https://www.facebook.com/events/495300046563718/>

**Bíllausi dagurinn**

**22. september:** er bíllausi dagurinn. Það verður frítt í landsbyggðarstrætó og í strætó á höfuðborgarsvæðinu.

**22. september:** Lokun á Garðsbraut á Húsavík fyrir bílaumferð. Fyrirlestur um öryggi barna í gatnahönnun. Norðurþing.

